

Alþingi
Erindi nr. P 132/1592
komudagur 12.4.2006



Nefndasvið Alþingis
Ingvar Þór Sigurðsson, nefndarritari
Austurstræti 8 - 10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 11. apríl 2006
Tilvísun: 2006030051/90.12
JR/BH
21.03.2006

Efni: Þingsályktun um legu þjóðveg 1, þskj. 84 - 84. mál.


Óskað hefur verið eftir umsögn Vegagerðarinnar um ofangreint mál.

Við skoðun á núverandi legu þjóðveg 1 um Austur - Húnavatnssýslu og Skagafjörð er ljóst að unnt er að gera verulegar breytingar á honum á tveimur stöðum. Í fyrsta lagi mætti leggja veginn nálægt núverandi Reykjabraut, byggja nýja brú á Blöndu og tengja núverandi Hringvegi í ofanverðum Langadal. Þessi breyting stytir veginn um 15,5 km og kæmi sú stytting til góða fyrir alla vegfarendur milli innanverðs Skagafjarðar og austar (Akureyri meðtalin) og svæða sunnan og vestan Reykjabrautar. Vegalengd til og frá Blönduósi yrði óbreytt og áfram yrði styst að fara um Þverárfjall ef farið er milli Sauðárkróks og Reykjavíkur. Nokkuð öruggt er að hagkvæmt væri að gera þessa breytingu á veginum.

Í öðru lagi mætti hugsanlega breyta legu vegarins í Skagafirði, sem hefði í för með sér 3,5 km styttingu fyrir umferð milli svæða austan Skagafjarðar og vestan Reykjabrautar. Hagkvæmni þessarar styttingar er óljós.


Í tillögunni er talað um nýja leið á milli Blönduóss og Akureyrar. Liggur hún um Þverárfjallsveg, Sauðárkrók, yfir Hegranses, inn Hjaltadal, í göngum undir Hjaltadalsheiði, norður Hörgárdal til Akureyrar. Á þessari leið þyrfti nýjan veg og jarðgöng frá brúnni á Austurósi Héraðsvatna að Hringvegi nálægt Bægisá, alls um 63 km, samkvæmt lauslegri skoðun. Reiknað er með 16,5 km jarðgöngum og 46,5 km löngum vegi. Gangamunnar yrðu í 350 m hæð y.s. annars yrðu göng mun lengri. Þessi leið er um 386 km á milli Reykjavíkur og Akureyrar og kostnaður gæti verið 13 - 15 mia. kr. Hún liggur yfir einn fjallveg, Þverárfjallsveg, um 320 m háan. Athyglisvert er að göngin liggja hærra en Þverárfjallsvegurinn.

Vegalengd um núverandi þjóðveg 1 milli Akureyrar og Reykjavíkur er 388 km en gæti orðið 373 km eða jafnvel 369 km miðað við áður nefnda möguleika á styttingum. Vegalengd um fyrrnefnd göng gæti orðið um 386 m.kr. og því nokkuð ljóst að sú leið yrði ekki hagkvæm fyrir umferð milli svæða vestan Reykjabrautar og innanverðs Skagafjarðar og austar. Umferð milli Blönduóss og Akureyrar hefði litilsháttar hag (2 km) af göngunum.



Hins vegar kæmu þau til með að stytta leiðina milli Akureyrar og Sauðárkróks úr 120 km í 95 km. Mjög ósennilegt er hins vegar að það réttlætti svo mikla fjárfestingu.

Virðingarfyllt



Jón Rögnvaldsson,
vegamálastjóri.